

Ed.

445. Nefndarálit

[131. mál]

um frv. til laga um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Núverandi ríkisstjórn dulbýr stefnu sína með ýmsu móti. Hún veit, að óvinsældir aðgerða hennar eru miklar meðal almennings. Þess vegna setur hún þær á svið í margs konar gervum. Enn fremur reynir hún að hafa í frammi sjónhverfingar.

Frumvarp þetta um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála er einn af grímubúningum stjórnarstefnunnar. Læzt hin valdfreka og óbilgjarna stjórnarstefna þar vera gyðja frelsisins.

En þegar lesið er frumvarpið, sér í gegnum grímuna, ef nokkurri athygli er beitt. Í 1. gr. frumvarpsins kemur strax fram sýndarmennskan. Breytingin frá 1. gr. núgildandi laga er aðeins orðaleikur og tilraun til sjónhverfinga.

Með frumvarpinu á að leysa upp starfsemi Innflutningsskrifstofunnar. En það á samt alls ekki að leggja aðalverkefni hennar niður, heldur fela þau öðrum. Um það vitnar 2. gr. frumvarpsins. Hún hljóðar svo:

„Úthlutun gjaldeyris- og innflutningsleyfa fyrir vörum og gjaldeyrisgreiðslum annast þeir viðskiptabankar, sem hafa með höndum kaup og sölu á erlendum gjald-eyri, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur. Skulu bankarnir gefa ríkisstjórninni skýrslur um þessa úthlutun, eftir því sem hún ákveður. Ríkisstjórninni er heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa.“

Hverjum getur í alvöru fundizt, að með þeim tilfærslum úthlutunarvalds, sem grein þessi felur í sér, sé verið að stíga stór skref í átt til viðskiptafrelsis, — þó að það sé haft að yfirvarpi?

Landsbankinn og Útvegsbankinn eiga að úthluta leyfunum, eins og sakir standa, því að leyfi þarf eftir sem áður, enda vex ekki gjaldeyri til úthlutunar, þótt þannig sé skipt um úthlutunarstað.

Komið hefur í ljós í umræðum, að áformað sé að mæla svo fyrir í reglugerð, að bankarnir hafi sinn manninn hvor í nefnd til að úthluta leyfum og ríkisstjórnin leggi þriðja manninn til í þá nefnd. Gera má ráð fyrir því, að bankarnir vilji hvor um sig láta taka tillit til sinna viðskiptavina, innlendra og erlendra, þegar þeir úthluta leyfum, og verði því ekki alveg hlutlausir. Af því kann að leiða eitthvert skakkafall fyrir frelsið.

Talið hefur verið, að á Innflutningsskrifstofunni hafi vald leyfisveitinganna verið að jöfnu í höndum fulltrúa allra þeirra stjórnarmálaflokka, sem sæti eiga á Alþingi. Gizkað er á, að núverandi ríkisstjórn telji þetta dauðasök skrifstofunnar og ætlunin sé með hinni nýju skipan að hagræða málum þannig, að úthlutunarvaldið færist í hendur fulltrúa stjórnarflokkanna, sbr. t. d. niðurlag 2. gr.

Ekki getur það talizt í þágu hins almenna frelsis í viðskipta- og framfarumálum.

Það dylst alls ekki, að í gegnum allt frumvarpið gengur sem rauður þráður, að með því á að stórauka vald ríkisstjórnarinnar frá því, sem nú er, þó að gríman sé með frelsisgyðjubrosi.

Í frumvarpinu eru ríkisstjórninni lögð í hendur tögl og hagldir, til þess að hún geti hvenær sem henni þóknast þrælundið viðskipta- og framkvæmdafrelsið, án þess að nefndir af öðrum kjörnar séu að flækjast fyrir henni. Frumvarpið afnemur þær, ef að lögum verður.

Henni er samkvæmt 2. gr. „heimilt að taka í sínar hendur eða fela sérstökum trúnaðarmönnum úthlutun tiltekinna leyfa“.

Samkvæmt 7. gr. mega einkaaðilar ekki lengur án hennar samþykkis „semja um lán erlendis til lengri tíma en eins árs“.

Í 8. gr. segir: „Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að vörur megi ekki bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi nema með leyfi hennar.“ — Áður voru þessi mál í höndum útflutningsnefndar, sem á að leggja niður.

Í 14. gr. er svo fyrir mælt, að falla skuli úr gildi lög „um úthlutun jeppabifreiða og heimilisdráttarvéla“. Á þann hátt ætlar ríkisstjórnin að leggja undir sig úthlutun jeppabifreiða, sem nú er í höndum fimm manna nefndar, sem kosin er á þann hátt, að stjórn Búnaðarfélags Íslands kys tvo þeirra, stjórn Stéttarsambands bænda tvo, og landbúnaðarnefndir Alþingis einn.

Allt er þetta á eina bók lært.

Ríkisstjórnin segist ætla að heimila aukinn innflutning samkvæmt frilistum í verulegum mæli. Það hefur hún einnig í hendi sér að gera eftir núgildandi lögum og þarf ekki nýja lagasetningu til þess.

Aukning frilistavöru getur fljótt á litið sýnt raunverulegt frelsistákn. En minna verður úr því, þegar tekið er með í reikninginn, að ríkisstjórnin er búin að skerða svo kaupgetu almennings með öðrum ráðstöfunum, að frilistafrelsið er lítils virði. Verðhækkanirnar, útlánasamdrátturinn, vaxtaokrið, binding sparifjárins og flutningur þess í ríkisbankann færir menn í fjötra. Þetta veit ríkisstjórnin. Þess vegna býður hún upp á lengri frilista og afnemur fjárfestingarhöft í því formi, sem þau áður voru.

Slík frelsisgjöf er — eins og á stendur — storkun við almenning.

Nokkrir stórlaxar geta vafalaust notað sér þetta frelsi. En þótt meta megi þá mikils, eru þeir ekki þjóðin öll. Þeirra sporðaköst eru síður en svo það, sem mest á riður.

Sé athugað sérstaklega, hvort af þeim tilfæringum, sem frumvarp þetta felur í sér, muni leiða sparnað fyrir hið opinbera, virðist alls ekki vera búizt við því. Í 10. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að taka eins og áður 1% „af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum“. Gjald þetta er — og hefur verið — tekið af leyfunum samkvæmt skráðu gengi, og hefur því grundvöllur álögunnar hækkað meira en um helming. Gjaldið hrökk áður vel, og er hér því um að ræða freklega fjáröflun.

Leyfi ég mér á sérstöku þingskjali að flytja tillögu um, að í staðinn fyrir 1% komi ½%. Einnig flyt ég á sama þingskjali tillögu um, að úthlutun jeppabifreiða fari fram eftir sömu lögum og að undanförunu.

Ég tel samkvæmt framansögðu frumvarp þetta óþarft að því leyti, að vald ríkisstjórnarinnar eftir gildandi lögum er nægilegt fyrir hana til eðlilegs svigrúms.

Ég tel enn fremur, að í frumvarpinu seilist ríkisstjórnin eftir miklu meira valdi en heppilegt er að ríkisstjórn hafi og samrýmzt getur lýðræði.

Af þessum ástæðum er ég andvígur frumvarpinu.

Hins vegar lit ég svo á, að tímabært sé að stofna til endurskoðunar á löggjöf viðskipta- og peningamála þjóðarinnar. Að þeirri endurskoðun tel ég giftusamlegast, að allir stjórnsmálaflokkar Alþingis standi.

Leyfi ég mér þess vegna að taka upp tillögu þá, er fram kom af hálfu Framsóknarflokksins í neðri deild, — og skírskota um leið til greinargerðar þeirrar, er henni fylgdi þar í nefndaráli Skúla Guðmundssonar á þskj. 347.

Ég legg því til, að efri deild afgreiði frumvarpið með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin feli 4 manna nefnd, er sé þannig skipuð, að hver þingflokkur tilnefni einn mann í nefndina, að undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi lagasetningu um ráðstafanir í viðskipta- og peningamálum, er m. a. tryggi, eftir því sem kostur er, að almenningur í sveitum og við sjó geti haldið áfram framkvæmdum við eflingu atvinnuveganna og við nauðsynlegar byggingar til endurnýjunar og óhjákvæmilegrar aukningar á húsakosti vegna fólksfjölgunarinnar í landinu, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 12. maí 1960.

Karl Kristjánsson.